Úthlutun Uppbyggingar–sjóðs Austurlands 2021

Athöfnin fer fram á Zoom fimmtudaginn 17. desember kl. 14:00

SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS

KIOSK 108 er listrými – skúlptúr eftir Moniku Frycova sem nýtist sem sýningarrými, almenningsrými og „street–food“ skindibitastaður. Rýmið er stýrishús skips sem staðsett verður við lónið á Seyðisfirði.

Sporður hf. framleiðir harðfisk. Fyrirtækið flutti nýverið á Borgarfjörð eystra og vinnur þessa daganna að endurnýjun tækjabúnaðar.

Coney Island Babies undirbúa um þessar mundir tónleika með Sinfóníuhljómsveit Austurlands. Flutt verða valin lög af fyrstu tveimur hljóðversplötum hljómsveitarinnar.

Dagskrá

Fundarstjóri:	*Signý Ormarsdóttir,* yfirverkefnastjóri Austurbrúar.
Styrkþegar 2020 og 2021	*Ann-Marie Schlutz* – Sauðagull *Bryndís Ford* – Hallormsstaðaskóli *Eyrún Ævarsdóttir* – Hringleikur *Sesselja Jónasdóttir* – List í Ljósi
Tónlistarflutningur:	*Hlín Pétursdóttir Behrens* og *Øystein Gjerde*
Ávarp:	*Vigdís Jakobsdóttir* listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík
Ávarp:	Formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands, *Ásta Kristín Sigurjónsdóttir*
Afhending styrkja:	Formaður Uppbyggingarsjóðs *Ásta Kristín Sigurjónsdóttir* og *Tinna Halldórsdóttir verkefnastjóri* Uppbyggingarsjóðs fara yfir hæst styrki og kynna rafræna styrkjahandbók 2021
Ávarp:	Formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, *Einar Már Sigurðarson*

Mikilvægi Uppbyggingarsjóðs Austurlands

Hvers vegna er þessi styrkur mikilvægur?

Vegna þess að menning og list er mjög mikilvægur partur af lífsgæðum fólks, sérstaklega á lands–bygðinni þar sem minna er um að vera heldur en t.d í Reykjavík.

Menning í hvaða formi sem hún kemur fyrir, bætir lífskjör okkar allra, án menningar og lista væri tilveran ansi grá.

Fyrir okkur sem stöndum að List í Ljósi er þessi styrkur mjög mikilvægur vegna þess að hann gefur kleift að halda hátíðina okkar.

– Hátíðin hefur það að markmiði að skapa líf á lágönn.
– Draga að fólk á lágönn (á ekki við á tímum Covid)
– Býr til samtal á milli listamannsins og áhorfandans.
– Gefur samfélaginu eitthvað til að hlakka til.

En á tímum Covid erum við sérstaklega þakklátar fyrir þennann styrk því að hann gefur okkur tækifæri til þess að styðja við bakið á listamönnum á þessum erfiðu tímum og mun vonandi gleðja samfélagið okkar sem hlakkar alltaf mikið til List í Ljósi

Sesselja og Celia
List í ljósi

Stuðningur úr Uppbyggingarsjóð Austurlands hefur verið okkur afar mikilvægur, en hann, ásamt frábæru samstarfi við Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði og Menningarstofu Fjarðabyggðar hefur gert okkur kleift að gera sýninguna Allra veðra von að veruleika. Það hefur myndast sérstak–lega gott samband við heima-menn á Austurlandi sem við viljum gjarnan halda við og þróa áframhaldandi sirkusstarfssemi, hvort sem það er í sýninga– eða námskeiðsformi.

Eyrún Ævarsdóttir
Hringleikur

Styrkurinn er fyrst og fremst mikil viðurkenning á þeirri vinnu og þróun sem hefur átt sér stað á starfsemi Hallormsstaðaskóla og skiptir miklu máli í áframhaldandi uppbyggingu á fræðslu og þjónustu sem skólinn veitir. Styrkurinn mun ekki síður nýtast samfélaginu; frumkvöðlum á sviði matvælafram–leiðslu og neytendum. Von okkar er að matvæla–framleiðendur á Austurlandi verði fyrirmynd annarra í fullnýtingu afurða með sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi.

Bryndís Fiona Ford
Hallormsstaðaskóli

Að fá styrk úr uppbyggingarsjóði skiptir öllu máli fyrir okkur. Án styrks hefði verkefnið ekki geta farið af stað. Að fá þennan styrk þýðir svo ekki bara að fá pening, það þýðir líka að fá trú á hugmyndin og hvatningu til að koma verkefnið á framfæri.

Ann-Marie Schlutz
Sauðagull

Tölfræði

Samtals var úthlutað **kr. 57.800.000.–**



Alls bárust 118 umsóknir um styrki og var fjallað um þær af tveimur fagráðum; annars vegar fagráði menningar sem einnig fjallaði um styrkbeiðnir til stofn– og rekstrarstyrkja. Hins vegar af fagráði atvinnu og nýsköpunar. Af 118 umsóknum voru 51 verkefni valin til styrkveitinga og staðfest af úthlutunarnefnd.

Í ár var sérstaklega kallað eftir verkefnum sem tengdust áherslum nýrrar Sóknaráætlunar Austurlands.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hallormsstaðaskóli	**Tilraunaeldhús; uppbygging og þjónusta**	**Kr. 4.000.000.–**

Hallormsstaðaskóli ætlar að fá fagaðila til að sinna uppbyggingu og þjónustu við vottað tilraunaeldhús Hallormsstaðaskóla. Í tilraunaeldhúsi geta frumkvöðlar á Austurlandi unnið að nýsköpun í matvælaframleiðslu. Í tilraunaeldhúsi er aðstaða, tæki og tól sem oft er mikill kostnaður við að koma sér upp. Aðgengi að slíkri aðstöðu er því afar mikilvægt fyrir frumkvöðlastarfsemi og sprotafyrirtæki. Skólinn býr yfir tengslaneti og veitir því aðgang að fagfólki og sérfræðingum á sviði sjálfbærni og nýsköpunar á matvælasviði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Elís Pétur Elísson	**Beljandi Brewery Barrel Room**	**Kr. 3.000.000.–**

Beljandi Brewery barrel Room, uppsetning á rými til þess að tunnuþroska og geyma bjór á eikartunnum. Brugghúsið mun auka á framleiðslugetu sína og bæta stöðu sína sem vandað og framsækið framleiðslufyrirtæki. Ásamt því að auka framleiðslugetu brugghússins mun brugghúsið einnig verða stærra um sig og skemmtilegra til þess að heimsækja eftir að Barrel room verður tekið til notkunar. Beljandi verður með þessu fyrsta brugghúsið á Íslandi sem hefur sérstakt Barrel room til að heimsækja.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sauðagull ehf.	**Sauðamjólkurís**	**Kr. 3.000.000.–**

Sauðagull er eina fyrirtækið hérlendis og staðsett á Austurlandi sem framleiðir matvæli úr sauðamjólk. Hún hefur lítið verið nýtt undanfarna áratugi en nýting hennar getur aukið verulega verðmæti sauðfjárræktar eflt atvinnu við greinina. Nú stefnir fyrirtækið á að þróa tvær bragðtegundir af sauðamjólkurís sem byggja á austfirsku hráefni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í Ljósi	**List í ljósi**	**Kr. 2.800.000.–**

List í ljósi er er einstök vetrarhátíð sem hlaut Eyrarrósina í febrúar 2019 og fagnar sínu sjötta ári í Febrúar 2021.
List í ljósi tekur á móti erlendum og innlendum listamönnum ár hvert sem koma með eða búa til listaverk á staðnum sem dreifast utandyra um allan Seyðisfjarðarbæ. Hámark hátíðarinnar er þegar við slökkvum á öllum götu- og húsaljósum og mínútu seinna kveikjum við á listaverkunum sem lýsa upp fjörðinn með stórkostlegum hætti.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þór Vigfússon	**Safn fyrir alþjóðlega samtíma– og nútímalist á Djúpavogi**	**Kr. 2.800.000.–**

Safn fyrir alþjóðlega samtíma- og nútímalist á Djúpavogi leggur áherslu á að vera leiðandi vettvangur alþjóðlegrar samtímalistar á Íslandi, að efla tengsl og samvinnu við listamenn á alþjóðavísu með metnaðarfullu sýningarhaldi, og varðveita listaverkaeign þess. Sérstaða safnsins í íslensku safna og menningarumhverfi er ótvíræð og mun sérkenni staðarins vera einkennandi í allri starfsemi og áhersla lögð á safnið sem áfangastað í alþjóðlegu samhengi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	**Kvikmyndatónleikar**	**Kr. 2.500.000.–**

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika í nóvember 2021 í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði og flytur þar nokkrar af helstu perlum kvikmyndatónlistar–innar. Á dagskrá verða fjölbreytt verk eftir Alan Silvestri, John Williams, Nino Rota, Ennio Morricone, Maurice Jarre og fleiri. Tónleikarnir verða sannkölluð veisla fyrir kvikmyndaunnendur og þá sem njóta kvikmyndatónlistar!

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin	**Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði**	**Kr. 2.400.000.–**

Sköpunarmiðstöðin er tilraunaverkefni um byggðaþróun á sviði menningar, mennt–unar og atvinnusköpunar. Starfsemin leggur áherslu á samlegðaráhrif þessara sviða með það að marki að tryggja sjálfbærni samfélagsins og sporna þannig við fólksfækk–un og skorti á atvinnutækifærum. Sköpunarmiðstöðin hyggst ná markmiðum sínum með því að byggja upp fjölbreytta og faglega aðstöðu til grundvallar starfseminni og skapa þannig hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun, menningar- og fræðslustarf.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
LungA-Listahátíð ungs fólks á Austurlandi	**LungA - Listasmiðjur, LungA Lab og listviðburðir.**	**Kr. 2.300.000.–**

LungA– Listahátíð ungs fólks, Austurlandi er landskunn alþjóðleg listahátíð með áherslu á frumsköpun sem er rekin af hugsjón án þess að hafa hagnað að sjónarmiði. Hátíðin er einstök að því leiti að hún er "þátttöku listahátíð", einskonar skóli þar sem allir fá að gera eitthvað hafi þeir áhuga og þátttökugjaldi er stillt í hóf. Hátíðin stendur yfir frá 11-19 júlí 2021 og er öllum opin. Næsta sumar er ráðgert að fagna 20 ára afmæli hátíðarinnar sem fresta varð sökum COVID 19, 2020.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell	**Sýningadagskrá Skaftfells 2021**	**Kr. 2.000.000.–**

Starfsemi Skaftfells, miðstöð myndlistar á Austurlandi, er tileinkuð samtímamyndlist á alþjóðavísu. Sýningahald er öflugt og fjölbreytt með áherslu á vandaða blöndu af framsækinni samtímalist og hefðbundnari listsýningum. Boðið verður upp á fimm sýningar á árinu; tvær einkasýningar þar af önnur í samstarfi við List í ljósi, nemenda–sýningu og tvær samsýningar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þorbjörg Ásbjörnsdóttir	**Geitagott - Vöruþróun, markaðs–setning og tækjakaup**	**Kr. 2.000.000.–**

Geitagott er ný vörulína sem stefnir á vöruframleiðslu úr geitamjólk. Verkefnið lítur að vöruþróun og fullvinnslu á fjórum afurðum; Geitafetaosti, mozzarellaosti, hvítmygluosti og skyri. Leitað verður til hönnuða með umhverfisvænar umbúðir, merkingar og hönnun vörumerkis og eins verður leitað ráðgjafar um leiðir að litlu vistspori í framleiðslu og sölu. Varan verður seld beint frá býli, á mörkuðum og eins til veitingastaða sem leggja áherslu á staðbundið hráefni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kári Borgar	**Skurðarhnífur fyrir harðfiskverkunina Sporð hf**	**Kr. 1.700.000.–**

Sporður hf stefnir á að kaupa rafknúinn skurðarhníf til harðfiskverkunar frá Japan. Núverandi hnífur er gamall og að því kominn að vera ónothæfur. Nýr hnífur verður notaður til að skera flök í bita og mun auka framleiðni og nýtingu til muna. Fyrirtækið er enn að fóta sig eftir eigendaskipti og flutning á Borgarfjörð eystra. Til að fyrirtækið nái árangri er nauðsynlegt að eignast skurðarhníf frá þessari öld. Með nýjan hníf getur fyrirtækið farið að einbeita sér að þróun og verkun á harðfiski.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Blábjörg	**Undirbúningur og þróun á heilsu-vörum úr jurtum í heimabyggð.**	**Kr. 1.500.000.–**

Markmið Blábjarga er að að þróa einstakar heilsuvörur fyrir heilsumeðferðir sem verða í boði Musteri spa sem mun opna í stærra húsnæði í júní 2021. Þróa ferska vöru eins náttúrulega og kostur er, beint af fjalli og fjöru með mikla virkni og ferskleika íslenskrar náttúru. Varan kemur til að hafa alla þá kosti og hollustu sem markhópar sækjast eftir í heilsutengdri ferðaþjónustu. **Vörur:** Líkamsskrúbb úr; **a)** þara **b)** blóðbergi **c)** fjallagrösum. Náttúrubað úr: **a)** blóðbergi **b)** fjallagrösum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	**Þjóðleikur 2021**	**Kr. 1.200.000.–**

Þjóðleikur er afar farsælt samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Menningar–miðstöðvar Fljótsdalshéraðs með það að markmiði að styðja við unglingaleikhús á lansdsbyggðinni og efla þáttöku ungmenna í leiklistarstarfi. Þáttaka leiklistar eða listnámi þroskar nemendur í skólum, eflir sköpunargáfu þeirra og hæfni til samstarfs í hópum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Monika Frycova	**Styrishús – Brú : KIOSK 108**	**Kr. 1.200.000.–**

Old captain cabin Styrishús transformed into new original KIOSK 108 an art performance project, art sculpture with extra function of kiosk street food vendor. My idea is structuring new social space, centre through architecture. The Boathouse as a gallery in the larger gallery that is Seyðisfjörður, in the larger gallery that is Iceland. Venture for various events, music, theater, visual arts, but also commercial enterprise of new menu - located at the centrum of Seyðisfjörður near lagoon.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sauðagull	**Markaðssetning Sauðagulls**	**Kr. 1.100.000.–**

Unnið verður markaðsefni og útlit fyrir Sauðagull til að koma einstökum vörum fyrirtækisins á framfæri við neytendur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Alona Perepelytsia	**Dansskóli Austurlands**	**Kr. 1.000.000.–**

Dansskóli Austurlands is working on developing the art of dance at the East of Iceland. Its gives a dance education for children from 2 years old as well as for adults. The school is a very important part of the cultural life of each community. And the main purpose of the project is to create permanent dance school at the East of Iceland and let the dance art at the region be at the same level as in another regions of the country.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Geir Sigurpáll Hlöðversson	**Strengir – Coney Island Babies og SinfóAust**	**Kr. 1.000.000.–**

Tónleikar í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði með hljómsveitinni Coney Island Babies sem njóta mun fulltingis meðlima úr Sinfóníuhljómsveit Austurlands. Flutt verða valin lög af fyrstu tveimur hljóðversplötum hljómsveitarinnar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnarsstofnun	**Ævintýri og matarmenning á Upphéraði**	**Kr. 1.000.000.–**

Verkefnið lýtur að þróun og markaðssetningu á ferðaþjónustu á Upphéraði með sérstaka áherslu á afþreyingu og matarmenningu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hlín Pétursdóttir Behrens	**Austuróp**	**Kr. 1.000.000.–**

Sviðslistahópurinn Austuróp sem samanstendur af tónlistarfólki sem búsett er í Múlaþingi, stendur að uppsetningu á kammeróperunni “Kornið”, eftir Birgit Djupedal og Ingunni Láru Kristjánsdóttur, og leikinni tónleikadagskrá með óperutónlist “Óperu–gala”. Viðburðirnir verða fluttir víða á Austurlandi og mun hópurinn jafnvel leggja land undir fót. Þáttakendur eru atvinnumenn jafnst sem áhugafólk, búsett á svæðinu sem vinnur saman undir listrænni stjórn og handleiðslu Hlínar Pétursdóttur Behrens.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Maciej Pietrunko	**Nordic Paradise**	**Kr. 1.000.000.–**

Nordic Paradise, will bring fresh opportunities for everyone willing to enjoy the beauty of East Iceland. By implementing activities such as kayaking tours, stand up paddling tours – tourists and locals as well will be able to admire the surrounding nature from a new and unique perspective. My goal is to provide professional, safe, healthy, fun and eco–friendly ways to enjoy the glamorous Austurlands landscapes.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Mjóeyri	**Austurland Freeride Festival**	**Kr. 1.000.000.–**

Austurland Freeride Festival er ný fjallaskíða/brettahátið sem haldin var í fyrsta sinn í Fjarðabyggð 2020. Áhersla er lögð á að njóta náttúrunnar í Austfirsku ölpunum undir leiðsögn vanra staðkunnra fjallamanna. Hátíðin er bæði hugsuð fyrir byrjendur á fjallaskíðum/brettum og fyrir vana einstaklinga. Byrjendanámskeið verður á hátíðinni og skíðaferðir fyrir lengra komna.
Ýmis konar menningarviðburðir verða í gangi á svæðinu eins og tónleikar, kvöldvökur og matarupplifanir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Óbyggðasetur	**Náttúruskólinn**	**Kr. 1.000.000.–**

Verkefnið felst í að nýta okkar einstöku náttúru og færa skólann út fyrir skóla–stofurnar. Þar sem börn munu fá að upplifa og læra í verki um náttúru á lifandi hátt. Skapa jákvæða vakningu og vinna að því að auka sjálfstraust og virkni barna með áskorunum og þjálfun í samvinnu. Sá fræjum til að vekja áhuga og virðingu fyrir náttúrunni og kenna undirstöðuatriði í ferðamennsku og náttúrulæsi. Fjöldi sérfræðinga munu koma að verkefninu og stefnt er á að efla og stækka verkefnið til framtíðar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Verkmenntaskóli Austurlands	**Tæknidagur fjölskyldunnar 2021**	**Kr. 1.000.000.–**

Tæknidagur fjölskyldunnar hefur um árabil vakið athygli á mikilvægi tækni, nýsköpunar, vísinda og iðnaðar fyrir atvinnulíf og samfélag á Austurlandi. Fyrirtæki, stofnanir, skólar og frumkvöðlar af svæðinu kynna starfsemi sína á viðburði sem hentar öllum aldurshópum. Í ár verður nýsköpun gert sérstaklega hátt undir höfði og með sérstakri áherslu á sjávarútveg.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kammerkór Egilsstaðakirkju	**Schubert að vori**	**Kr. 1.000.000.–**

“Schubert að vori” eru tónleikar þar sem Kammerkórinn, einsöngvarar og 10 manna hljómsveit, flytja messu nr. 4 í C-dúr (D. 452) eftir Franz Schubert. Tónleikarnir verða í Egilsstaðakirkju um mánaðarmótin apríl/ maí 2021. Stjórnandi er Torvald Gjerde.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fjarðabyggð	**Fjölbreyttar listasmiðjur og listasýningar í Fjarðabyggð**	**Kr. 800.000.–**

Menningarstofa stendur fyrir spennandi dagskrá sumarið 2021 í samstarfi við listafólk sem kemur m.a. í listamannadvöl í Fjarðabyggð, leiðbeinir í listasmiðjum fyrir börn og ungmenni og setur upp sýningar. Listafólkið mun einnig vinna að nýjum verkefnum út frá innblæstri frá svæðinu og fólkinu sem þar býr. Dagskráin verður fjölbreytt og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Meðal þess sem stefnt er að því að bjóða upp á er ljósmyndasýning, innsetningar, myndlist, hljóðlist og gjörningar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	**Hnikun - sumarsýning I**	**Kr. 800.000.–**

Hnikun er fyrri sumarsýning MMF árið 2021. Á sýningunni munu Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir sýna ný verk sem þær vinna út frá hugmyndum um skynjun, sjónrænt áreiti, myndleifar og minni. Verkin verða í ýmsum formum; ljósmyndir, málverk og textílverk sem unnin verða sérstaklega í samtali við rými Sláturhússins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	**Sinfóníuhljómsveit Austurlands**	**Kr. 800.000.–**

Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæra–leikurum. Henni er ætlað að auðga og efla menningarlíf á Austurlandi og vera vettvangur fyrir austfirska hljóðfæraleikara, langt komna hljóðfæranemendur, tónskáld, einleikara og kóra að starfa í eða með sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin heldur fjölbreytta og skemmtilega tónleika víða á Austurlandi og ýtir undir tónsköpun sem tengist landshlutanum auk þess að styðja annað listrænt starf og tónlistartengda fræðslu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	**School Activities in the museum, a pilot project**	**Kr. 800.000.–**

Together with the teachers of Listadeild Seyðisfjarðarskóli and an experienced expert in Minjasafn Austurlands a series of handicraft workshop will be designed. Students of Seyðisfjarðarskóli and Vinnuskóli of Austurland will come to Tækniminjasafn Austurlands to participate in workshops and a follow up evaluation will be done to monitor its strengths and weaknesses. With this experience the museum will create a pedagogical offer open to all the schools of East Iceland.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tónlistarmiðstöð Austurlands	**Upptakturinn á Austurlandi 2021**	**Kr. 800.000.–**

Upptakturinn veitir börnum á Austurlandi tækifæri til að senda inn tónsmíð og vinna úr hugmyndum sínum undir leiðsögn tónlistarfólks af svæðinu. Höfundar valinna verka fá aðgang að tónsmiðjum í Tónlistarmiðstöðinni. Í framhaldi tilnefnir dómnefnd einn ungan tónsmið sem er tryggt sæti í smiðjum á vegum Upptaktsins í Reykjavík þar sem ungir tónsmiðir fá frekari leiðsögn við útsetningu á verkum sínum sem eru frumflutt af atvinnu hljóðfæraleikurum í Hörpu á uppskeruhátíð Upptaktsins í Reykjvík.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Torvald Gjerde	**Tónlistarstundir 2021**	**Kr. 800.000.–**

Tónleikaröð, sex sumartónleikar: fernir í Egilsstaðakirkju og tvennir í Vallaness–kirkju í seinnipart júní og byrjun júlí 2021. Fram koma fyrst og fremst tónlistarmenn frá Austurlandi en einnig frá öðrum hlutum landsins og frá Noregi.
Fyrsta sumar sem tónleikaröðin var haldin var í 2002 og hefur samfelt verið haldin hvert sumar síðar, og hafa fleiri hundruð tónlistarmenn komið fram og fleiri þúsundir áheyrendur komið á tónleikana samtals þessi ár.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bláa kirkjan	**Bláa kirkjan**	**Kr. 750.000.–**

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan var stofnsett árið 1998 og hefur því verið haldið út í 22 ár. Um er að ræða tónleika sem fara fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudags–kvöldum á sumrin. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónleika með klassískri tónlist, djass og blús, þjóðlagatónlist og léttari músík. Tónleikaröðin er gríðarlega mikilvægur menningarviðburður fyrir heimamenn sem og þá fjölmörgu gesti sem sækja Seyðisfjörð heim á sumrin.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hringleikur – sirkuslistafélag	**Allra veðra von – sirkussýningar og –smiðjur á Austurlandi**	**Kr. 700.000.–**

Sirkuslistahópurinn Hringleikur ferðast um Austurland sumarið 2021 með nýjasta verk sitt, Allra veðra von. Sýningin er sýnd utandyra, þar sem sirkuslistir, leikræn tjáning, náttúra og umhverfi spila saman og mynda einstaka upplifun áhorfanda. Opnar sirkuslistasmiðjur verða haldnar í tengslum við sýninguna. Undanfarin tvö ár hafa meðlimir Hringleiks staðið fyrir sýningum og smiðjum í tengslum við menningar–hátíðina Bras og vilja nú standa fyrir áframhaldandi sirkusstarfi á Austurlandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Konrad Korabiewski	**Krafla - vinyl LP record production and publication**	**Kr. 700.000.–**

Krafla - Music by 18 boreholes and 1 Geothermal power plant.
Krafla is a record composed primarily from field recordings from the Krafla Geothermal power plant & surrounding region, located in a volcanic caldera in the NorthEast of Iceland.
The power plant includes numerous deep boreholes to access steam and geothermal springs. Each of these boreholes has a individual character depending on the age and depth of the installation, & as such function as a kind of industrial musical instrument.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þór Tulinius	**Opnunarleikrit ætlað börnum í nýju leikhúsi í Sláturhúsinu**	**Kr. 700.000.–**

Þór Tulinius, leikari, leikstjóri og höfundur, sem nýlega setti upp sýningu í Sláturhúsinu um Sunnefumálin, með stuðningi Uppbyggingasjóðsins, sækir hér með um styrk til að skrifa barnaleikrit sem er sprottið úr sagnaheimi austurlands. Sagan segir af ævintýrum systkinanna Fúsa og Petru, sem villast upp á fjöll og njóta velvildar náttúrunnar. Þar segir frá djörfu hreindýri, rugluðu dvergtrölli, feimnum álfum og töfrandi steinum. Verkinu skilað með vorinu 2021.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin	**Sköpunarmiðstöðin í 10 ár**	**Kr. 650.000.–**

Sköpunarmiðstöðin á 10 ára starfsafmæli í júlí 2021 og af því tilefni býður miðstöðin til afmælisveislu. Markmiðið er að fagna áfanganum með íbúum Austurlands og landsmönnum öllum og bjóða uppá fjölbreytta og metnaðarfulla menningardagskrá. Á dagskránni er stutt yfirferð á sögu miðstöðvarinnar í máli og myndum, góðir gestir flytja erindi, tónlistarflutningur og afhjúpun útilistaverks. Boðið verður uppá léttar veitingar. Dagskránni líkur með tónleikahaldi um kvöldið.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Austurlands Food Coop	**Chef's Garden**	**Kr. 500.000.–**

In the pursuit to provide gourmet ingredients and further enrich local restaurants, we plan to begin building a sustainable source of specialty vegetables. By utilizing an indoor hydroponic garden, a supply of locally grown vegetables and herbs will be brought to the community year–round. In addition to providing a local source of food, we plan to decrease our carbon footprint while expanding the diversity of East Iceland's agricultural market.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Félag ljóðaunnenda á Austurlandi	**Útgáfa ljóðabóka árið 2021**	**Kr. 500.000.–**

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út tvær ljóðabækur árið 2021. Stjórn félagsins leggur áherslu á það eins og áður að bækurnar séu vandaðar að innihaldi og frágangi. Höfundur fyrri bókarinnar er Hannes Sigurðsson frá Borgarfirði eystra og Eiðum, nú búsettur á Akureyri. Bókin verður número 21 í flokknum Austfirsk ljóðskáld. Síðari bókin verður úrval ljóða og söngtexta eftir Valgeir Sigurðsson (1924–1995), kennara á Seyðisfirði. Ingólfur Steinsson skrifar um höfundinn og verk hans.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	**Vor / Wiosna 2021**	**Kr. 500.000.–**

Vor / Wiosna er árleg lista og menningarhátíð þar sem áhersla er lögð samspil og samtal pólskra listamanna við íslenskt samfélag. Hátíðin er ætlað að vekja upp spurningar um stöðu og sýnileika listafólksins innan hinna hefðbundnu ramma íslensku listasenunnar og á hvern hátt menningarlegur bakgrunnur okkar speglast í listinni.Undirtitill hátíðarinnar 2021 er " við tökum sviðið" og vísar til þess að áhersla þetta árið verður á sviðslistir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnarsstofnun	**Rithöfundalest um Austurland**	**Kr. 500.000.–**

Rithöfundalestin er samstarfsverkefni aðila á Austurlandi sem standa fyrir upplestrum og skólaheimsóknum í þeim tilgangi að auka áhuga á bókmenntum og kynna ný verk og höfunda.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í Ljósi	**HEIMA x List í Ljósi 2021**	**Kr. 500.000.–**

The HEIMA x LIST Í LJÓSI project will celebrate and showcase Icelandic artists in February 2021. Responding to what it means to create artistic encounters in a Post Covid-19 landscape, selected artists will exhibit and participate in an expanded List í ljósi Festival Art Week across Austurland.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Margrét Magna Árnadóttir	**Uppbygging Garðyrkjustöðvar**	**Kr. 500.000.–**

Verkefnið felur í sér að koma upp lífrænni gróðrarstöð á Hallfreðarstöðum, sem skilgreint er á köldu svæði. Markmið er að nota varmadælutækni til að forhita gróðurskála til forræktunar matjurta til beinnar sölu og fullvinnslu beint frá býli.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafn Austurlands	**Kjarvalshvammur – fjórði áfangi**	**Kr. 500.000.–**

Í Kjarvalshvammi í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðaþinghá stendur sumarhús Jóhannesar Kjarval listmálara. Þar dvaldi Kjarval mörg sumur og málaði mörg af sínum frægustu verkum. Minjasafn Austurlands hefur umsjón með hvamminum og hefur á undanförnum árum staðið fyrir viðhaldi á húsinu til að tryggja varðveislu þess um ókomna tíð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Philippe Clause	**GOSIÐ**	**Kr. 500.000.–**

The project will be running throughout the entire year 2021 and the following phases will be intertwined as the project aims at working with seasons and the natural availability of local products : - Forage raw material in nature and collect from local suppliers. - Experiment with various fermentation methods and research new fermenting agents. - Brew the experiments and adjust through the different fermenting phases. - Document the process and write recipes. - Write a draft of a business plan

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell	**Listfræðsluverkefni Skaftfells 2021**	**Kr. 500.000.–**

Á hverju ári framleiðir Skaftfell listfræðsluverkefni og býður grunnskólanemendum á miðstigi á öllu Austurlandi ókeypis þátttöku. Þessi verkefni eru til þess fallin að auðga listgreinakennslu og auka aðgengi barna á svæðinu að listum. Haustið 2021 verður verkefnið tengt við haustsýningu miðstöðvarinnar sem er samsýning myndlista–kvennanna Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur og Karlottu Blöndal. Þær munu jafnframt þróa og kenna verkefnið.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þorpið – skapandi samfélag	**Stefnumót við Skógarsamfélag III**	**Kr. 500.000.–**

Stefnumót við Skógarsamfélag er viðburður sem SAM– félagið – grasrótarsamtök skapandi fólks á Austurlandi hefur staðið fyrir tvisvar áður.
Útgangspunkturinn hefur verið nytjaskógurinn á Austurlandi, tækifæri og áskoranir. Viðburðurinn mun bjóða uppá fræðslufyrilestra, sölu og afurðasýningu á fjöl–breyttum afurðum skógarins, vinnustofu með hráefnið og virkjun tengslanets og viðskiptatækifæra. Viðburðurinn verður haldinn í Végarði í Fljótsdal.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnarsstofnun	**Flakkað um fornar slóðir**	**Kr. 500.000.–**

Miðlun á stöðum á Austurlandi sem Skriðuklaustur hið forna átti og ferðaleiðum á milli þeirra á 16. öld með nýjustu tækni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Krossdal	**Krossdal - Létt byssuskefti úr íslensku hráefni**	**Kr. 400.000.–**

Krossdal er að þróa nýja týpu af byssuskeftum. Það verður frábrugðið fyrstu týpunni þar sem það verður léttara og hentar betur til lengri veiðiferða. Skeftið verður úr léttum efnum, þar með talið íslenskum hráefnum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hafsalt	**Vöruþróun – kryddsmjör**	**Kr. 400.000.–**

Hafsalt ætlar að þróa tvær gerðir af kryddsmjöri þ.e. Birki kryddsmjör og Fjalla kryddsmjör.
Salti frá Hafsalti ásamt kryddjurtum er blandað saman við brætt og óbrætt smjör og það hrært/þeytt vel saman. Markmiðið er að finna réttu blönduna af bræddu og óbræddu smjöri sem gerir kryddsmjörið létt og ómótstæðilega gott.
Birkilaufið tínum við og vinnum sjálf, kryddblönduna kaupum við. Draumurinn er að vera sjálfbær með allt kryddið í framtíðinni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Vopnafjarðarhreppur	**Fjölþjóðleg listahátíð barna**	**Kr. 300.000.–**

Fjölþjóðleg listahátið barna er fyrirhuguð í febrúar næstkomandi og verður hún í gangi út árið 2021. Ætlunin er að tengja brot af því besta úr henni við BRAS – Barna–menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Markmiðið með fjölþjóðlegri listahátíð barna er að efla tengsl og hvetja innflytjendur til að taka þátt í samfélaginu á Vopnafirði. Hugmyndin er að fagna fjölbreytileikanum í samfélaginu með áherslu á fjölbreytt listastarf barna. Þemað á hátíðinni verður þjóðfánar, vinátta og sköpun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Jónsver	**Saumavél fyrir saumaverkefni**	**Kr. 200.000.–**

Jónsver ses. þarf að kaupa nýja langarma saumavél. Í Jónsveri er mikið unnið með þykk, stíf og gróf efni, sérstaklega í verkefnum tengdum sjávarútvegi, og þess vegna þarf að kaupa saumavél með löngum armi sem gefur meira vinnupláss.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kvikmyndasýningar–félag Austurlands	**Bílabíó á Austurlandi**	**Kr. 200.000.–**

Bílabíó á austurlandi. Kaup á tækjum til að geta verið með bílabíósýningar á auðveldan máta hvar sem er, hvenær sem er.

AUSTURBRÚ

SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS